

Sp. 244. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um að skiptast á diplomatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skiptast á diplomatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið.

Greinargerð.

Kínverska alþýðulýðveldið er nú 15 ára gamalt. Fjórðungur mannkyns býr þar. Sæti þessarar fjölmennustu og einnar helztu menningarþjóðar heims hjá Sameinuðu þjóðunum er enn ranglega skipað.

Ísland hefur haft eðlileg samskipti við þetta ríki og stjórn þess í Peking, án þess hins vegar að skipzt væri á diplomatískum fulltrúum. Hins vegar hefur Ísland ekki haft neitt samband við stjórn Tsjang-Kai-Sheks á Formósu.

Það er því rétt, að Ísland komi samskiptum sínum við Kína í eðlilegt lag, með því að skiptast á við það diplomatískum fulltrúum, svo sem þegar hefur verið gert við ríki eins og Japan, þótt það sé landfræðilega jafnfjarri oss.

Leggur því Alþingi fyrir ríkisstjórn, að svo sé gert.